

Nr. 17-103 S 078 Barði NK 120***Skipverji slasast við togveiðar***

Skipaskr.nr. 1976
Útgerð: Síldarvinnslan hf.
Smíðaður: Flekkefjord Noregi, 1989 stál
Stærð: 598,7 brl. 1166,5 bt.
Mesta lengd: 51,14 m Skráð lengd: 47,42 m
Breidd: 12 m Dýpt: 7,15 m
Vél: MaK 1800 kW 1988
Fjöldi skipverja: 15



Barði©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. júní 2017 var Barði NK 120 á togveiðum á Halamiðum. Veður: A 8 m/s.

Skipverjar voru að láta trollið fara og þegar það var komið í sjó ætlaði einn þeirra að taka öryggiskrókinn úr bakborðshleranum. Þegar hann var að því slitnaði augað á með þeim afleiðingum að keðja slóst til og lenti í hægri öxl skipsverjans. Hann féll við það á þilfarið og slasaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að keðjan sem slóst til var u.þ.b. 10 m löng og var á milli togvírs og hlera;
- að togvírinn slitnaði í auganu (kósa);
- að ekki var búið að hreyfa við togspilinu þegar togvírinn slitnaði;
- að togvírinn hafði verið settur við nýr átta mánuðum áður og búið að færa upp á honum og splæsa einu sinni eftir það;
- að við skoðun kom í ljós að augað á stb. togvírnum var einnig illa farið (*sjá mynd*);
- að slasaði var með öryggishjálmi;
- að hjálmurinn fór af slasaða þegar hann féll í þilfarið en andartaki síðar slóst keðjuendinn í þilfarið rétt við höfuð hans;
- að sögn skipstjóra hafði verið skipt reglulega um togvíra en á þessum tíma hafði því verið frestað þar sem búið var að selja skipið;

- að ekki var reglubundið eftirlit með ástandi togvára en það gert þegar skipt var um toghlera;
- að eftir slysið voru togvírarnir styttnir um 200 fm (*sjá mynd*).



Myndin sýnir stb. vírinn fyrir og eftir uppfærslu

Nefndarálit:

Orsök slyssins var mjög slæmt ástand á togvírurum og lélegt eftirlit með þeim.

Nefndin átelur harðlega að slakað sé á öryggiskröfum þó skip séu að skipta um eigendur.